

Fundur Öldungaráðs 29. maí 2019

Mættir:

Elínbjörg Ingólfssdóttir, Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

Forföll:

Guðlaug Steinsdóttir og Elísabet Valgeirsdóttir

DAGSKRÁ

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin samþykkt.

2. Samþykkt fjölskylduráðs frá 15. mars 2019

Samþykkt fyrir öldungaráð lögð fram og samþykkt.

3. Umsögn

Í ljósi nýrra laga og reglugerðar um stuðningsþjónustu sveitarfélaga um heimilisþrif og félagslega aðstoð, gefur Öldungaráð Hafnarfjarðar umsókn Daga hf. jákvæða umsögn þar sem ekki er um frekari útvistun á þjónustu sveitarfélagsins að ræða. Öldungaráð óskar eftir því að á næsta fundi ráðsins verði ráðsmönnum kynnt ítarlega innihald félagslegrar þjónustu Daga hf. og sveitarfélagsins til einstaklinga 67 ára og eldri.

4. Upplýsingafulltrúi eldri borgara

Öldungaráð fjallaði um hvernig hlutverk upplýsingafulltrúa eldri borgara yrði sem skilvirkast og best fyrirkomið hjá bæjarfélaginu. Hugmyndin þarf að vinnast áfram í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ.

5. Önnur mál

„Brúkum bekk“ verkefnið: Gylfi Ingvarsson fjallaði um og kynnti stöðu verkefnisins. Beðið er eftir ákvörðun bæjaryfirvalda varðandi staðsetningu frumgerðar bekkjarins „Varðar“. Öldungaráð tekur undir með verkefnastjórninni að það sé við hæfi að Hamarinn verði fyrsta val hvað varðar staðsetningu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 15:34.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.